

ekki til greina, þar sem annað hvort beri að láta gerðina fram fara eða synja um framgang hennar. Einnig telur hann bæjarþingsstefnu þessa ranglega birta, þar sem hún hafi aldrei verið birt gerðarbeiðanda, heldur óviðkomandi persónu, og tekur fram í því sambandi, að ekki búi aðrir í húsinu nr. 77 við Laugarnesveg en aðiljar máls þessa.

Í máli aðiljanna hér fyrir réttinum hefur gerðarbeiðandi gert þá kröfu, að gerðarþoli verði borinn út úr húsnæði sínu. Hins vegar er gerð sú krafa í bæjarþingsmálinu, að framangreindum úrskurði húsaleigunefndar verði synjað gildis. Þannig eru gerðar mismunandi kröfur í málum þessum og ber því þegar af þeirri ástæðu samkvæmt eðli málsins og með hliðsjón af eðlilegum skilningi 104. gr. laga nr. 85/1936 að synja frávisunarkröfu umboðsmanns gerðarþola.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Kærumálið nr. 2/1947. Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson

gegn

Ingimundi Jónssyni

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um eiðfestingu vitnis.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa með bréfi 21. des. f. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 16. s. m., þar sem þess er synjað, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti með eiði framburð sinn í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Barst hæstarétti kæran 9. þ. m.

Sóknaraðiljar, sem ekki hafa sent hæstarétti greinargerð, krefjast þess í ofangreindu bréfi, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og nefndu vitni verði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði.

Hæstarétti hefur ekki borizt greinargerð frá varnaraðilja. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðili hefur engar kröfur gert, fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar 16. desember 1946.

Í máli þessu gerir stefnandinn, Ingimundur Jónsson, iðnaðarmaður á Akureyri, þær aðalkröfur, að stefndu, þeir Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri, Glerárgötu 3, og Skarphéðinn Halldórsson skrifstofumaður, Hólabraut 20, báðir á Akureyri, verði dæmdir til að viðurkenna eignarrétt stefnanda að $\frac{1}{3}$ hluta Efnalaugarinnar Skirnis, Akureyri, og til þess að greiða in solidum bætur fyrir atvinnuspjöll og tapaðan ágóða, kr. 3000.00 á mánuði, ásamt vöxtum frá útgáfudegi sáttakæru til þess tíma, að hann fær eignarrétt sinn viðurkenndan, og málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir stefnandi þá kröfu, að úrslit málsins verði látin velta á aðildareiði stefnanda.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Efnalaugin Skirnir var stofnsett um áramótin 1943—44. Stofnendur voru þeir Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður og stefnandi. Samningar milli þeirra um fyrirtækið voru ekki skriflegir, og ber þeim á milli um efni hans. Með samningi, dags. 1. júní 1946, seldi nefndur Vigfús stofnfé sitt í fyrirtækinu stefndu í máli þessu. Kom síðan til ágreinings milli aðilja máls þessa um réttarstöðu þeirra gagnvart nefndri efnalaug. Stefndu telja sig einkaeigendur hennar og krefjast sýknu á þeim grundvelli. Halda þeir því fram, að stefnandi hafi einungis átt að fá ágóðahlut til jafns við hvorn þeirra af fyrirtækinu, en hafi aldrei öðlazzt eignarrétt að neinum hluta þess.

Vigfús Þ. Jónsson stórkaupmaður hefur verið leiddur sem vitni í málinu og segir í vitnaskýrslu sinni, að meiningin hafi verið, að stefnandi yrði meðeigandi, jafn skjótt og hann legði fram stofnfé, og hafi hann raunar átt að gera það, þegar efnalaugin tæki til starfa. Vitnið lagði fram stofnfé, en átti að fá helminginn endurgreiddan frá stefnanda. Hins vegar hafi stefnandi aldrei lagt fram neitt stofnfé og því aldrei öðlazzt eignarrétt að fyrirtækinu eða neinum hluta þess.

Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti vitnaskýrslu sína, með þeim rökum, að komið geti

til greina að lita þannig á, að vitnið hafi með framangreindum samningi 1. júní s. l. afsalað eign, sem hann átti ekki. Af hálfu stefndu er þessu mótmælt, og var atriði þetta lagt í úrskurð á bæjarþingi hér 12. þ. m.

Samkvæmt 127. gr. einkamálaganna getur dómari synjað að láta vitni staðfesta framburð sinn, ef vitni er svo við mál riðið, að svar við vitnaspurningu fyrirsjáanlega veldur vitni verulegu fjárhagsþjóni, alvarlegu óhagræði eða siðferðilegum hnekki. Vitni það, sem hér um ræðir, seldi stefnda fyrirtæki það, sem deilt er um eignarrétt að í máli þessu, og stefndu telja sig einkaeigendur fyrirtækisins í krafti þessarar sölu. Þykja því úrslit máls þessa skipta vitnið svo miklu fjárhagslega og siðferðilega, að rétt sé að synja því um að staðfesta framburð sinn með eiði.

Því úrskurðast:

Kröfu stefndu um, að vitnið Vigfús Þ. Jónsson staðfesti framburð sinn, er synjað.

Miðvikudaginn 22. janúar 1947.

Kærumálið nr. 3/1947. Þorleifur Sigurbjörnsson og Skarphéðinn Halldórsson

gegn

Ingimundi Jónssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um eiðfestingu vitnis.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa með bréfi 21. des. f. á. kært til hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Akureyrar 16. s. m., þar sem vitninu Jóni Sveinssyni héraðsdómslögmanni er heimilað að staðfesta með eiði framburð sinn í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Barst hæstarétti kæran 9. þ. m.

Sóknaraðiljar, sem ekki hafa sent hæstarétti greinargerð, krefjast þess í ofangreindu bréfi, að hinn kærði úrskurður